

**Nd.**

**75. Frumvarp til laga**

[56. mál]

um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Kristján Thorlacius.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist nýr liður, er verði F-liður, svo hljóðandi:  
Draga skal 15% frá launatekjum gjaldanda, áður en skattur er á þær lagður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Hér á landi er það viðurkennt, að undandráttur frá sköttum á sér stað í svo ríkum mæli, að skattar og önnur opinber gjöld koma ekki réttlátlega niður á skattþegnum. Við Íslendingar erum síður en svo einir um þetta, og í löndum, þar sem vitað er, að miklu betra eftirlit er með framtölum og innheimtu skatta en hér, er það viðurkennt af stjórnarvöldunum, að þeim hafi ekki tekizt að komast fyrir skattsvik.

Þannig mun þetta vera t. d. í Danmörku, og er í danskri skattalöggjöf ákvæði um, að frá launatekjum skuli draga 800 d. kr.

Telja verður eðlilegt að heimila launamönnum slíkan frádrátt hér til þess að jafna aðstöðu þeirra í skattlagningu við aðra gjaldendur. Er í frumvarpinu lagt til, að í lögum um tekjuskatt og eignarskatt verði tekið ákvæði um að heimila 15% frádrátt frá launatekjum gjaldanda, áður en skattar eru á þær lagðir.

Frádráttur sá, er um ræðir í frumvarpinu, gildir einnig við álagningu útsvara, sbr. 1. málsg. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.